

Hulda Anna Arnljótsdóttir (2008). „Náms- og starfsráðgjöf - ný þjónusta innan stofnana“. Grein í SFR-Blaðið 1. tbl. 50. árgangur. Janúar 2008.

Náms- og starfsráðgjöf - ný þjónusta innan stofnana

Starfsmennt býður ríkisstofnunum upp á þjónustu náms- og starfsráðgjafa fyrir starfsfólk sitt. Náms- og starfsráðgjöfinni er ætlað að styðja við símenntun einstaklinga og kynna fyrir þeim nám og möguleika til frekari starfsþróunar. Eitt meginmarkmið náms- og starfsráðgjafar er að efla vitund einstaklinga um hæfileika sína, viðhorf og áhuga þannig að þeir geti notið sín í námi og starfi. Ráðgjöfin fer fram í einstaklingsviðtölum þar sem trúnaðar er gætt og getur starfsmaður þar rætt vonir sínar og væntingar sem og æskilega þróun eigin starfsferils. Í ráðgjöfinni gefst kærkomið tækifæri til sjálfskoðunar og til að kanna áhugasvið sitt, styrkleika eða veikleika og þá megin drifkrafta sem stýrt hafa ákvörðunum um nám og starf. Í viðtölunum er einnig tekið á þeim hindrunum sem ráðþeginn hefur mætt og hann hvattur til að skoða og meta eigin stöðu og vinna að lausn. Á þennan hátt hvetur ráðgjafinn fólk til sjálfsábyrgðar og virkrar þátttöku í uppbyggingu eigin hæfni.

Ráðgjöfin hefur víða skírskotun

Gildi náms- og starfsráðgjafar getur verið mikið fyrir einstaklinginn ef vel tekst til en þjónustan hefur einnig víðari skírskotun. Þær stofnanir sem kalla eftir náms- og starfsráðgjafa fá til liðs við sig fagmann til að aðstoða við uppbyggingu mannauðs á vinnustað. Ráðgjafinn vinnur að færniuppbyggingu einstaklinga og sú persónulega þjónusta er líkleg til að auka og bæta samskipti, ánægju eða líðan starfsmanna. Í lok ráðgjafarinnar á vinnustað eru teknar saman heildarniðurstöður og tölulegar upplýsingar til stjórnenda og þannig miðlað áfram nýjum hugmyndum um símenntun og starfsþróun. Ráðgjöfin tengist þannig ýmsum öðrum þáttum mannauðsstjórnunar s.s. þróun starfslýsinga, fræðsluhönnun og mati á raunfærni starfsmanna.

Ef marka má umræður í þingsölum hérlendis þessa dagana og innan Evrópusambandsins og alþjóðlegra stofnana á borð við OECD, þá er ráðgjöf af þessu tagi talin fela í sér mikilvægan samfélagslegan ávinning. Þjónustan er sögð nátengd þróun þekkingarsamfélagsins þar sem þekking og nýsköpun skipta sköpum og símenntun verður sjálfsagður lífsstíll. Náms- og starfsráðgjöf leggur sitt af mörkum til að efla mannauð, hugvit og færni með því að auka og greiða aðgengi að sí- og endurmenntun og virkja fólk til þátttöku. Jafnt aðgengi einstaklinga og þjóðfélagshópa að upplýsingum um nám, störf og margvísleg tækifæri ásamt virkri þátttöku í sí- og endurmenntun er talin vera ein meginforsenda áframhaldandi velmegunar, aukinnar samkeppnishæfni og efnahagslegrar stöðu þjóða.

Fyrir hverja og hvar?

Náms- og starfsráðgjöf er ætluð öllum þeim starfsmönnum aðildarfélagá Starfsmenntar sem vilja víðra skoðanir sínar um þróun eigin náms- og starfsferils. Framkvæmd þessa verkefnis er með þeim hætti að Fræðslusetrið Starfsmennt sendir náms- og starfsráðgjafa til þeirra stofnana sem eftir því óska. Boðið verður upp á stuttar hópkyrningar og síðan einstaklingsviðtöl á vinnustað fyrir þá starfsmenn sem það vilja. Stofnanir leggja til aðstöðu og fara öll fyrstu viðtöl fram á vinnustað en önnur viðtöl, ef þess þarf, síðar á skrifstofu Starfsmenntar. Náms- og starfsráðgjöf verður þó áfram í boði fyrir alla félagsmenn á skrifstofu Starfsmenntar þar sem veittar eru nánari upplýsingar um framkvæmd verkefnisins.

